

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á skipulagsskilmálum við Blikanes 1, Arnarnesi í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Blikanesi 1, Arnarnesi í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa þak sem verði allt að 1,75 m hátt en eldri skilmálar heimiluðu aðeins 1 m. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi við Móaflöt 59 í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Móaflöt 59 í Garðabæ. Í breytingunni felst að lóð stækkar um 8,6 m<sup>2</sup> við enda gangstígs og byggingareitur húss stækkar lítillega. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi við Haukanes 20, Arnarnesi í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Haukanes 20, Arnarnesi í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi við Suðurhraun 4 í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Suðurhraun 4 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa GSM mastur á suðurgafli hússins. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 6. desember 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.